

KEILUSAMBAND ÍSLANDS

KFR. Reglugerð KLÍ um bikarkeppni liða. ÁHE fer yfir hugmyndina og útskýrir hugmynd KFR bakvið. HIJ segir að ÍR hafi farið yfir þessa tillögu og þar séu ekki allir samþykkir þessu. GS nefnir að þetta geti gengið á rétt heimalið neðri deilda. HIJ leggur til að setja þessa tillögu til hliðar og sjá hvort hægt sé að afgreiða hana síðar á fundinum. Fundur sammála. Fundur tók aftur upp þetta mál og samkomulag náðist ekki svo það fer fyrir þing.

KFR. Reglugerð KLÍ um bikarkeppni liða 8. gr. Frestanir. ÁHE fer yfir hugmyndir KFR af hverju þessi tillaga er tilkomin. Í grunnin er þetta til að taka á því að ekki sé verið að fresta þótt lið hafi í raun nægan mannskap. Aðeins farið yfir það hvað virkur leikmaður er og þá hvenær leikmaður er óvirkur. Eins og er virðist vera að það þurfi að skrá leikmann sem hefur spilað úr liði til hann verði óvirkur. Fundur sammála þessari breytingu. JG kemur inn á það sem er í greininni varðandi með aukakostnað. Spurning hver skilningur er á því hvað aukakostnaður er þar sem það er ekki skilgreint nánar. Þarf hugsanlega að einskorða það við að lið sé mætt og að síðan komi til frestun. Ekki að verði bilun í sal og/eða tækjabúnaði eða að frestun sé veitt í tíma nema hugsanlega ef breyta þarf bókaðri og greiddri ferðaáætlun. Ferðakostnaður er það sem er styrktarhæft hjá ÍSÍ.

KFR. Reglugerð KLÍ um meistarakeppni. Roll Off. Samþykkt.

KFR. Reglugerð KLÍ um Íslandsmót liða. KFR dregur sína tillögu til baka og styður tillögu ÍR varðandi 3. gr. um 1. deild karla 3 manna lið og leggur hana fram með ÍR. Skagi og KR eru á því að þetta eigi að vera allt 3. manna. JG kemur inn á að breytingatillögur verða að vera vel unnar ef þær eiga að koma inn á þing. Ekki einhugur á fundinum um deildarkeppni svo þessi tillaga verður að fara fyrir þing.

KFR. Reglugerð KLÍ um Íslandsmót liða 5. gr. deildarkeppni kvenna. ÁHE fer yfir hver hugmynd KFR er varðandi þessa breytingu. Umræðan þar er að konurnar finnist þær hafa misst mótiveringuna á að spila þegar þær keppa ekki lengur við sum lið þar sem svo virðist sem félagsskapurinn sé það sem dregur þær til keppni. ÞMP kom inn á að síðasta ár hafi verið nokkuð óeðlilegt þar sem lið dróg sig úr keppni og þar sem lið frá Skaga og Akureyri voru í sama riðli sem skapaði óreglulega spilatíma. GS kemur inn á að Skaginn sé sammála þessu og einnig að fara í 3 manna lið, tillaga sem á eftir koma fram. KR situr hjá. Tillaga um að breyta tillögu KFR þannig að talað verði um 10 lið en ekki 12 til samræmis við karladeild. Að öðru leiti verður þessi tillaga að fara fyrir þing.

ÍR. Reglugerð KLÍ um Íslandsmót liða 5. gr. deildarkeppni kvenna. Breytingatillaga um að setja kvennadeildina í 3 manna lið. Ekki einhugur innan KFR um þetta svo þessi tillaga fer fyrir þing. JG nefnir að tillaga ÍR segir að ef 5 lið séu.... að þessu þarf að breyta til samræmis við tillögu KFR 4 lið o.sv.fr.

KFR. Reglugerð KLÍ um Íslandsmót liða 10. gr. frestun viðureignar. Sama og með bikar. Samþykkt samhljóða.

KFR. Reglugerð KLÍ um val á keilurum ársins. ÁHE nefnir að oft hafi skapast umræða um val á keilurum ársins. Fer yfir hvernig KFR var að hugsa þetta þ.e. að stigalistinn sé kannski ekki nægilega góður. ÞMP nefnir að síðustu 4 ár hafi verið farið alfarið eftir honum. HIJ kemur inn með hugmynd um að laga stigalistann þannig að mót þar sem keilari er ekki einn að spila verði ekki veitt stig. ÞMP fer yfir tilurð stigalistans. Margir fundir urðu þar sem þessi mál voru rædd og niðurstaðan varð þessi listi eins og hann er í dag. Spurt er hvort það þurfi að setja þennan lista inn í reglugerð þannig það sé ljóst að það eigi að fara eftir þessum lista. GS vill ekki að það sé alfarið notast við listann heldur að hann sé fyrst og fremst til viðmiðunar. JÁJ nefnir að þar sem þessi listi liggur fyrir og er mælikvarði á framistöðu keilara þá sé ekki forsvaranlegt að fara stundum eftir honum og stundum ekki. Þá verður þetta bara geðþóttaákvörðun hverju sinni. Umræður um vægi einstakra þátta í listanum. ÁHE leggur til að þessari tillögu verði vísað í starfshóp á þingi þar sem þetta verði lagfært og lagt fram. Fundur samþykkir.

KEILUSAMBAND ÍSLANDS

KFR. Reglugerð KLÍ um deildarbikar liða. ÞMP fer yfir að um leið og þetta er orðið að Íslandsmóti þá er þetta orðið styrkhæft og þá gæti það þitt það að fleiri lið vilji taka þátt. ÁHE og GS nefna akkúrat að þar sem þetta er ekki Íslandsmót þá fást ekki styrkir til þeirra vegna þessara móta. ÞMP nefnir að hans áhyggjur eru að fjölgun í þessu móti komi niður á aðgang okkar að húsi. Fundur samþykkir þessa tillögu.

KFR. Reglugerð KLÍ um Íslandsmót para. Roll Off breyting. Samþykkt.

KFR. Reglugerð KLÍ um Íslandsmót einstaklinga. Roll Off breyting. Samþykkt.

KFR. Reglugerð KLÍ um Íslandsmót í tvímenningi. Roll Off breyting. Samþykkt.

KFR. Reglugerð KLÍ um Íslandsmót öldunga. Tvíþætt tillaga annarsvegar að fækka leikjum og svo Roll Off. BMB nefnir að leikjaálagið sé mjög mikið á stuttum tíma hjá þeim sem fara alla leið. ÁHE segir að það séu nokkrir hjá KFR sem leggja ekki í mótið vegna leikjafjölda. BMB nefnir að spila þetta 12 leiki í forkeppni, 4 í senn þ.a.l. yfir 3 daga. Svo fara 6 efstu en ekki 8 í undanúrslit þannig að þar eru 5 leikir plús úrslit. Til samræmis við tillögu mótanefndar. GS nefnir áhyggjur með keilarar frá Akureyri þar sem nokkrir fara að komast á aldur til að taka þátt í þessu móti. Tekið út að það þurfi að spila annan hvern dag þannig að framkvæmd mótsins verði í höndum mótanefndar. GS kemur með tillögu að sá sem sigri fari ekki út á kostnað KLÍ. Rætt um þetta og að of seint væri að senda núverandi meistara á mót þar sem umsóknarfrestur fyrir það mót er úti. Rætt um að setja inn í stað að meistari fái þátttökurétt á öldungamóti í Evrópu. Breyting KFR er um Roll Off. Samþykkt.

KFR. Reglugerð KLÍ um Íslandsmót unglingsliða. ÁHE nefnir að það séu tvær ástæður. Annarsvegar að það þarf ekki að vera að tvö efstu lið séu á sama setti og hinsvegar að það sé ekki rétt að ýta í einhverja keppni hjá þessum aldursflokki. ÞMP nefnir að það sé möguleiki að notast við hæðsta leik þótt það sé frekar ólíklegt að til þess komi. ÁHE nefnir að það sé flest að detta í hlutkesti í yngri flokkum t.d. í fótbolta og fleiri greinum. Tillagan samþykkt.

KFR. Reglugerð KLÍ um Íslandsmót unglingsliða. ÁHE nefnir sömu rök og að ofan. HIJ nefnir með 4. flokk að vera ekki með hlutkesti heldur fá allir verðlaun. ÁHE er sammála því sem og fundurinn. Tillagan samþykkt með breytingu.

KFR. Reglugerð KLÍ um meistarakeppni ungmenna. Sama og að ofan með hlutkesti. ÞMP nefnir að síðast voru tveir efstir og þeir fengu báðir verðlaun. Lagt til að það verði ofan á þ.e. að allir fái verðlaun verði þeir jafnir. GS kemur inn á hvort megi skoða að ekki öll mót telji inn heldur kannski 3 af 4 eða 4 af 5. Ekki tekin afstaða til þess á fundinum en fundur samþykkir KFR tillögu með breytingu um verðlaun.

KFR. Reglugerð KLÍ um Íslandsmót liða. ÁHE nefnir að verðlaun sem ekki miðast við meðaltal s.s. hæðsti leikur o.fl. að þá þurfi ekki 21 leik. Rætt um að girða fyrir að leikmaður sem spilar á venslasamningi geti ekki tekið þessi verðlaun í neðri deildum. JÁJ kemur inn á að 3. og þá 4. m.gr. eru þannig að séu tveir leikmenn með t.d. hæðsta leik að þá þarf að taka bráðabana. Fundur samþykkir að taka þetta út. Séu tveir með t.d. 300 leik, eins og gerðist í ár, fá bara báðir verðlaun. Fundur samþykkir þessar breytingar.

KFR. Reglugerð KLÍ um Íslandsmót liða. Ágreiningur er um fjölda leikmanna í liðum svo að þessi tillaga verður að fara á þing.

ÍR. Reglugerð KLÍ um Deildarbikar liða. HIJ fer yfir tillögu ÍR að úrslit sé tvöföld umferð. GS og BMB fallast ekki á þessa breytingu svo tillagan fer fyrir þing.

KEILUSAMBAND ÍSLANDS

ÍR. Reglugerð KLÍ um búninga. Umræður um þetta og það þarf aðeins að laga textann í þessu. Þetta á við þegar gestalið er í sama lit og heimalið að gestalið eigi að vera í öðrum lit nema um það sé samið við heimaliðið og það lið verði þá í aðgreindum lit. Samþykkt með breytingum.

ÍR. Reglugerð KLÍ um Íslandsmót félaga. Umræður um þetta og GS getur ekki samþykkt svo þetta fer á þing.

ÍR. Reglugerð KLÍ um Íslandsmót liða. Tillaga um að laga þar sem talað er um í 3. gr. um fjölda liða í þriðju deild eða neðri. Samþykkt að laga þessa þversögn.

Önnur mál

Þing KLÍ

ÞMP óskar eftir því að þegar komið er til þings að menn séu klárir með nafnalista yfir þá sem eiga að starfa í nefndum. Einnig þarf að kjósa í stjórn KLÍ 3 aðila. Jón, Jóhann og Dóra ganga út úr stjórn og kjósa þarf aðila inn í staðin. Einnig þarf að kjósa 3 varamenn, óvíst hvort Gandi og Karenína haldi áfram.

EYC2016

Ljóst að það þarf að fá fólk til að vinna í nefndum og fleira. Það þarf að fá fólk sem er viljugt. Félögin verða að leita í sínar raðir og fá fólk til að hjálpa.

KLÍ þing 2016

Skv. öllu á það að vera hjá Þór og ræða þarf við þá og aðstoða eftir föngum.

Landsliðsmál

GS nefnir að Skagi sé með tvo í landsliðinu og það hafi ekki heyrst neitt frá landsliðsnefnd. ÁHE er ekki tilbúinn að svara þessu hér og nú.

KFR er 30 ára

ÁHE nefnir að KFR fagnar 30 ára afmæli í ár. Ræða þarf við mótanefnd um að koma við afmælistóti. Þarf að senda á formann mótanefndar.

Fundi slitið kl. 20:10